Stjörnufræðivefurinn

# Stjörnukort fyrir Ísland

September

## Að nota kortið

Skífan sýnir himininn eins og hann birtist okkur milli 22 og 00 í september. Haltu kortinu uppréttu fyrir framan þig. Stjörnumerkin á miðju kortinu eru hæst á lofti (beint fyrir ofan þig). Ef þú horfir í suður skaltu snúa kortinu þannig að suðurhluti kortsins snúi að þér. Notaðu bjartar stjörnur og mynstur til að hjálpa þér að átta þig á himninum.

## Hvenær nýtist kortið best?

1. september kl. 00:00
15. september kl. 23:00
30. september kl. 22:00




## Skoðaðu þetta

**Herðatréð (Collinder 399):** Í stjörnumerkinu Litlarefi er að finna sérkennilegan hóp 20-30 mjög dreifðra stjarna. Af þeim eru tíu stjörnur áberandi bjartastar, og minnir hópurinn óneitanlega á herðatré á hvolfi og er því oft nefndur Herðatréð. Herðatrésþyrpinginuna er auðvelt að finna á himninum enda nokkuð áberandi, jafnvel með berum augum. Hún sést vel í gegnum handsjónauka eða litla stjörnusjónauka með vítt sjónsvið. **Dymbilþokan (M27):** Þessi fallega hringþoka er leifar deyjandi stjörnu sem hefur varpað ystu efnislögum sínum út í geiminn. Dymbilþokan var fyrsta hringþokan sem uppgötvaðist á himninum. Í gegnum skarpan og góðan stjörnusjónauka sést lögun þokunnar mjög vel. **M71:** Í stjörnumerkinu Örinni er að finna kúluþyrpinguna Messier 71 sem er í um 13.000 ljósára fjarlægð og um 27 ljósár í þvermál. Hún er því með nálægustu kúluþyrpingum við sólkerfið okkar. Auðvelt er að finna þessa kúluþyrpingu. Hún sést með handsjónauka sem kúlulaga þokublettur sem dofnar til jaðranna. Meðalstóran stjörnusjónauka þarf til að greina sundur stjörnur í henni.

